



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Reykjavík 16. febrúar 2015

Tilvísun: 2015010223

Tilvísun yðar: 430. mál

Alþingi - Nefndasvið
Austurstræti 8-10
101 REYKJAVÍK

Umsögn ríkislögreglustjóra - frumvarp til laga um meðferð sakamála og lögreglulög (skipan ákærvalds, rannsókn efnahagsbrotamála o.fl.), 430. mál.

Með vísan til erindis allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, dags. 29. janúar sl., sendist yður umsögn ríkislögreglustjóra um frumvarp til laga um meðferð sakamála og lögreglulög (skipan ákærvalds, rannsókn efnahagsbrotamála o.fl.), 430. mál.

Ríkislögreglustjóri er í grundvallaratriðum hlynntur meginefni frumvarpsins. Ríkislögreglustjóri gerir þó athugasemdir við 25. gr. frumvarpsins. Með 25. gr. eru lagðar til breytingar á 8. gr. lögreglulaga, nr. 90/1996, og er í frumvarpinu lagt til að ný 3. mgr. 8. gr. laganna hljóði svo: „Héraðssaksóknari annast móttöku tilkynninga á grundvelli laga um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.“ Þar er tekið upp nánast samhljóða ákvæði sem nú er í a.-lið 2. mgr. 5. gr. lögreglulaga, nema hvað nú er það héraðssaksóknari sem tekur við tilkynningunum en ekki ríkislögreglustjóri. Er flutningur á málaflöknum sem slíkur ekki tilefni athugasemda ríkislögreglustjóra, heldur sú staðreynd að í frumvarpinu er hvorki, með skýrum hætti, gert ráð fyrir úrvinnslu slíkra tilkynninga, né eftir atvikum miðlun upplýsinga til annarra þar til bærra yfirvalda.

Vegna vaxandi alþjóðavæðingar viðskipta og frelsis í fjárstreymi milli landa sem og að alþjóðlegri glæpastarfsemi óx fiskur um hrygg, var um miðjan níunda áratug síðustu aldar orðin brýn þörf á nútímalegri alþjóðlegri stefnu um varnir gegn peningabætti og má líta á gerð fíkniefnasamningsins frá 1988¹ sem upphaf þess. Samhliða þessu og í ljósi þeirrar hættu sem fjármálastofnunum stafaði af peningabætti og að frumkvæði G7² var alþjóðlegur framkvæmdahópur – *Financial Action Task Force (FATF)* – stofnaður í París 1989. Tilmæli FATF eru alþjóðleg og leiðandi viðmið um varnir gegn peningabætti og fjármögnun brotastarfsemi. Í dag hafa yfir 180 ríki skuldbundist til að fylgja þeim. Tilskipanir Evrópusambandsins um peningabætti eru t.a.m. í samræmi tilmæli FATF. Með aðild sinni að FATF árið 1991 skuldbundu íslensk stjórnvöld sig til að samræma löggjöf og starfsreglur að tillögum FATF og ljóst er að þau eiga sér að stórum hluta beinan uppruna í tilmælunum. Núgildandi tilmæli FATF eru tilmæli nr. 29 (*e. Recommendation 29*).

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (*e. International Monetary Fund*) og Alþjóðabankinn (*e. World Bank*) stóðu svo árið 2004 fyrir útgáfu handbókarinnar *Financial Intelligence Units: An Overview* og eftir þeirri forskrift hafa peningabættisskrifstofur verið mótaðar víða í heiminum.

¹ Samningur Sameinuðu þjóðanna gegn ólöglegri verslun með fíkniefni og skynvilluefni frá 20. des. 1988.

² G7 – Samtök helstu iðnríkja heims (upphaflega G6, síðar G8).

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Egmont Group of Finance Intelligence Units hefur einnig skilgreint þessi grundvallarverkefni (e. *core functions*) peningaþvættisskrifstofa á eftirfarandi hátt:

- I. Móttaka peningaþvættistilkynninga, frá tilkynningaskyldum aðilum, ásamt skráningu tilkynninganna.
- II. Greining peningaþvættistilkynninga, með kerfisbundnum aðferðum (*criminal and financial analysis*).
- III. Miðlun peningaþvættistilkynninga, til hlutaðeigandi stjórnvalda til frekari meðferðar, s.s rannsóknar og ákærumeðferðar.

Auk þessa hafa peningaþvættisskrifstofur önnur verkefni sem geta verið mismunandi frá einu ríki til annars, s.s. eftirlit með fylgni tilkynningarskyldra aðila við peningaþvættislöggjöfina, fræðsla, svör fyrirspurna og samstarf, t.d. á vettvangi Egmont Group og Europol. Er það mat ríkislögreglustjóra að rétt væri að skilgreina þessi hlutverk betur í frumvarpinu. Rétt er í þessu samhengi að halda því til haga að peningaþvættisskrifstofa er ekki hefðbundin lögregludeild og lýtur því ekki í öllu sömu lögmálum og flestar lögregludeildir enda er eðli starfseminnar er ólíkt. Peningaþvættisskrifstofur eru í raun greiningardeildir á afmörkuðu sviði (e. *Finance Intelligence Units*) og þeim þarf því að búa ákveðin starfsskilyrði.

Það eru miklir óbeinir hagsmunir fölgirnir í því að peningaþvættisskrifstofan sé virk og að traust ríki milli hennar og tilkynningarskyldra aðila. Það sem er að veði er traust og trúverðugleiki íslensks fjármálakerfis og viðskiptalífs. Þar fyrir utan eru samfélagslegir hagsmunir fölgirnir í því að þessi alvarlegu brot séu rannsökuð, saksótt og refsað fyrir þau með viðeigandi hætti.

Er það því tillaga ríkislögreglustjóra að 25. gr. frumvarpsins verði breytt á þann veg að 3. mgr. 8. gr. lögreglulaga hljóði svo: „*Héraðssaksóknari annast móttöku tilkynninga á grundvelli laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Héraðssaksóknari annast einnig greiningu á tilkynningum og miðlun upplýsinga sem fengnar eru með þeim hætti til annarra stjórnvalda að því marki sem nauðsynlegt er til að sinna lögbodnum verkefnum þeirra*“.

Að lokum er vakin athygli á því að í 1. mgr. 17. gr. laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka nr. 64/2006, segir: „*Tilkynningarskyldum aðilum er skylt að láta athuga gaumgæfilega öll viðskipti og fyrirhuguð viðskipti sem grunur leikur á að rekja megi til peningaþvættis eða fjármögnunar hryðjuverka og tilkynna lögreglu um viðskipti þar sem slík tengsl eru talin vera fyrir hendi*“. Er það mat ríkislögreglustjóra að rétt sé að breyta þessu ákvæði samhliða fyrirhuguðum breytingum á lögreglulögum enda er í frumvarpinu gert ráð fyrir að framvegis verði tilkynnt til héraðssaksóknara í stað lögreglu.

Haraldur Johannessen / Páll Heiðar Halldórsson